

Að mála þök

Járn og klæðningar



Efni

Intertuf 203 viðloðunar- og ryðvarnargrunnurinn er alhliða grunnur fyrir málma og klæðningar. Hann er vinylbundinn og sápast ekki á alkalísku galvanundirlagi. Intertuf 203 inniheldur míkro-álfögur sem þetta og styrkja málningarfilmuna gegn tæringu.

ONE Super Tech er vatnsþynnaleg akrýlmálning með góða gljá- og litheldni. ONE Super Tech er sjálfhreinsandi og hentar afar vel í ný- og endurmálun á litaðar klæðningar, grunnmálað bárujárn og steinsteypa fleti utanhúss. Vegna einstakra eiginleika málningarinnar, sem byggir á nanótækni, helst hinn málaði flötur hreinn þar sem regnvatn tekur með sér óhreinindi af honum.

Bæði þessi efni eru hraðþornandi og henta því vel íslenskum aðstæðum.

Aðferð

Undirbúningur skiptir öllu máli þegar mála skal þak. Ekki mála seint að deginum til eða ef hætta er á rigningu eða daggarmyndun næstu klukkustundirnar eftir málun.

1. Fjarlægið alla lausa málningu með kröftugri háþrýstidælu (um 350 bör).
2. Hreinsið allt ryð af með Bristle Blaster, vírbursta eða sambærilegum verkfærum.
3. Hreinsa þarf olíu, fitu og umferðarsót af fletinum með Nordsjö Málartvätt hreinsi og háþrýstipvotti. Blandið Málartvätt með allt að 20 hlutum vatns móti 1 hlut hreinsiefnisins. Fyrir mjög óhreina fleti skal blanda vatni í hlutfallinu 10:1. Setjið blönduna á með úðabrúsa eða bursta. Látið hana liggja á fletinum í nokkrar mínútur. Sprautið af með háþrýstidælu (150-200 bör) og látið þakið þorna vel.
4. Blettið 2-3 sinnum í ryðblettina með Intertuf 203.
5. Heilgrunnið allan flötinn með 1 umferð af Intertuf 203. Þynna má grunninn um 5-10% með GTA007. Látið hann þorna í um 10 klst. (miðað við 10°C) áður en málað er yfir. Æskilegt er að mála yfir grunninn sem fyrst, að hámarki innan 5 daga.
6. Málið 2 umferðir af ONE Super Tech. Biðtími milli umferða er um 2 klst. miðað við 10°C. Rakastig skal vera undir 80% og hitastig járninsins verður að vera a.m.k. 3°C yfir daggarmarki.

ATH: Ef mála á bárujárnsþak er góð þumalfingursregla að bæta 25% við fermetratöluna í efnisútreikningum vegna bárunnar.

**Nákvæmari upplýsingar um efnin má finna í tækniblöðum.*



Tæknilegar upplýsingar

INTERTUF 203 – grunnur

Litur: Ál, kopar og svart

Þynning: International GTA007

Verkfæri: Rúlla, pensill eða sprauta

Yfirmálun: 10 klst-7 dagar við 10°C

Þekja: 6-8 m²/l

Hreinsun: International GTA007

ONE SUPER TECH – akrýlmálning

Litur: Allir og svart og þakrauður í staðallit

Þynning: Vatn

Verkfæri: Rúlla, pensill eða sprauta

Hiti við málun: Minnst +5°C, mest +25°C

Yfirmálun: 2 klst við 10°C

Þekja: 6-8 m²/l

Hreinsun: Sápuvatn

Heilsufars- og umhverfismál

Ekki láta málningardósina standa opna meðan á verki stendur. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.